

## Tillaga að auglýsingu

**um verndarsvæði jarðvarma - Háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar**

1. gr.

### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitasvæði Háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell í Hrunamannahreppi gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndarsvæðið er 117 km<sup>2</sup> að stærð.

2. gr.

### *Markmið friðlýsingarinnar*

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell gegn orkuvinnslu.

3. gr.

### *Mörk verndarsvæðisins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

### *Mannvirkjagerð og orkurannsóknir*

Orkuvinnsla varmaafis með uppsett varmaafli 50 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

### *Viðurlög*

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

### *Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning*

---

umhverfis- og auðlindaráðherra